

Nd.

### 370. Nefndarálit

[136. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á samkomulagi, sem ríkisstjórnin hefur gert við fiskkaupendur. Samkvæmt því er ráðgert, að ríkissjóður greiði til nokkurra greina sjávarútvegsins 80 milljónir króna á árinu 1966. Hér er að ræða 17 milljónum króna hærrí fjárhæð en sams konar styrkur nam á árinu 1965.

Það mun flestum þykja næsta undarlegt, að ríkissjóður skuli þurfa að greiða beinan styrk til útgerðarinnar í slíku árferði sem verið hefur fyrir íslenzkan sjávarútveg undanfarin ár. Fyrir liggja upplýsingar um, að verðlag á sjávarafurðum hefur farið stórhækkandi s. l. 3 ár. Einkum hefur hækkunin orðið mikil árin 1964 og 1965. Auk hins ágæta markaðsverðs hefur afli verið góður og mjög mikill á síldveiðum. En þrátt fyrir þessi hagstæðu skilyrði blasir við sú staðreynd, að ríkisstjórnin verður að semja um beinar stuðningsgreiðslur við ýmsa mikilvægustu þætti sjávarframleiðslunnar. Skýringar á þessu fyrirbæri eru þær, að dýrtíðin í landinu hefur farið sífellt vaxandi á undanförunum árum, og afleiðing þess er stórhækkandi framleiðslukostnaður.

Það árferði, sem að öllu réttu lagi hefði átt að verða til þess, að hagur útgerðarinnar batnaði mikið, hefur snúizt upp í erfiðleika vegna verðbólguþefnu ríkisstjórnarinnar. Frumvarp þetta er staðfesting á þessari staðreynd.

Stefna ríkisstjórnarinnar í dýrtíðarmálum er augljóslega óbreytt frá því, sem verið hefur. Það ber greinargerð þessa frumvarps m. a. merki um. Í henni tilkynnir ríkisstjórnin, að hún ætli sér að afla fjár til stuðningsins við sjávarútveginn með því að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði. Afleiðingar þess, að niðurgreiðslur minnka, verða þær, að verðlagsvísitalan mun hækka um 3,6—4 stig, en samkvæmt því mun kaupgjald síðan hækka um 2—3%. Hækkað kaupgjald leiðir af sér hækkuð ríkisútgjöld, og er áætlað, að þær hækkunir nemi um 20 milljónum króna á ári. Til þess að mæta 80 millj. kr. greiðslum til sjávarútvegsins og 20 millj. kr. launahækkunum hjá ríkinu þarf því að lækka niðurgreiðslur á vöruverði um 100 milljónir króna. Ráðstafanir þessar munu að sjálfsögðu auka aftur á útgjöld fiskiðnaðarins vegna kauphækkana um að minnsta kosti 12 millj. kr. á ári.

Afleiðingar þessara verðlagshækkana verða auðvitað enn nýjar verðhækkunir á ýmsum sviðum og þannig koll af kalli. Hækkun verðlagsvísitalunnar leiðir beint af sér hækkun á afborgunum og vöxtum af íbúðarhúsálanum húsnæðismálastjórnar, og þannig mun flest annað hækka einnig. Ríkisstjórnin skirrist því ekki við að ýta af stað einni verðhækkunarskriðunni enn. Slíkt gerir hún um leið og hún þykist vera að aðstoða útflutningsframleiðsluna í landinu.

Við Alþýðubandalagsmenn erum andvígir þeim fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar að ætla að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði með þeim afleiðingum, að verðlag hækki. Við teljum, að nú sé sérstök þörf á því að hamla gegn hækkandi verðlagi innanlands og að reyna að ná tókum á verðbólguvandanum.

Eins og komið er, verður ekki staðið gegn því, að staðið verði við umsamdar greiðslur til sjávarútvegsins, enda er enginn vafi á því, að sumar greinar hans eiga mjög í vök að verjast vegna síhækkandi framleiðslukostnaðar. En ráðið til varanlegs stuðnings við útflutningsframleiðsluna er ekki að leyfa dýrtíðinni að leika lausri. Útflutningsframleiðslan þarf öllum öðrum fremur á stöðugu verðlagi innanlands að halda.

Alþingi, 22. marz 1966.

Lúðvík Jósefsson.